

Ed.

41. Lög

um breyting á lögum nr. 17, 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðs-
stjórn Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 29. des. 1916).

1. gr.

Ráðherrar skulu vera þrir.
Ákveður konungur starfsvið þeirra.

2. gr.

Ráðherrar hafa 8000 kr. í árslaun. Auk þess skal sá ráðherrann, sem
er forseti ráðuneytisins, hafa leigulausan bústað og 2000 kr. í risnufje á ári.

Kostnaður af embættisferðum ráðherra úr landi og dvöl þeirra erlendis
greiðist úr landssjóði.

3. gr.

Landritaraembættið legst niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.